

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 1. júlí 2015
UST201506-208/B.S.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Svifbraut á Esju. Frekari upplýsingar. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 11. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ný gögn varðandi svifbraut sem ráðgert er að leggja í hlíðar Esju.

Helstu breytingar eru þær að endastöð mun minnka og ekki er gert ráð fyrir að sprengja þurfi vegna grundunar stöðvarinnar. Möstur eru hins vegar nokkuð hærri en í fram kom í matsskyldufyrirspurn eða á bilinu 37 m-45 m.


Umhverfisstofnun telur að ef ráðist verði í framkvæmdina eins og henni er hér lýst muni draga nokkuð úr raski í klettum við fjallsbrúnina. Hér er hins vegar enn um að ræða framkvæmd í hlíðum Esju sem er eitt helsta kennileiti í nágrenni Reykjavíkur sem gæti haft verulega neikvæð sjónræn áhrif í för með sér. Umhverfisstofnun telur að fara þurfi að öllu með gát þegar um er að ræða framkvæmdir sem geta breytt varanlega fallegum kennileitum og jarðmyndunum.


Umhverfisstofnun telur ekki ástæðu til að endurskoða fyrri niðurstöðu stofnunarinnar sem send var í bréfi dags. 7. ágúst 2014.

Umhverfisstofnun telur að í viðhorfskönnun hefði átt að skilgreina framkvæmdina betur þannig að þáttakendum væri ljóst umfang framkvæmdarinnar.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur